

**Ed.**

**253. Nefndarálit**

[96. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með áorðnum breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Tímabundið vörugjald átti aðeins að standa mjög takmarkaðan tíma og fyrirheit hafa verið gefin um að afnema það. En í þess stað er nú einu sinni enn lagt til að það verði framlengt allt árið 1982. Þessu er ég andvígur og legg því til að frv. verði fellt.

Alþingi, 18. des. 1981.

Kjartan Jóhannsson.